

**FRÉTTABRÉF IOGT
HAUSTIÐ 2024**

Afmælishátíð IOGT Boðskort



Afmælisátíðin verður á Grand Hótel, Setrinu, Sigtúni 28 þriðjudaginn 1. október klukkan 18:00 Félagar eru hvattir til að koma.

Tilkynnið þátttöku, iogt@iogt.is eða 8955030 fyrir mánudag 30/9

Opið bréf til stjórnarformanns Gildis

Gildi lífeyrissjóður hefur sett sér samskipta- og siðareglur. Þar segir „Virðing er borin fyrir markmiðum og tilgangi laga og í starfsemi sjóðsins er ekki reynt að þræða markalínur þess sem er löglegt.“ og „Jafnan skal svara spurningum í samræmi við bestu vitneskju og án nokkurrar tilraunar til þess að villa um fyrir spyrjanda eða afvegaleiða viðkomandi.“ Af 17 stærstu hluthöfum í Högum eru 13 lífeyrissjóðir og er Gildi lífeyrissjóður stærsti hluthafinn.

Forvarnarsamtök og ÁTVR telja netsölu áfengis ólöglega

Búið er að tilkynna að Hagkaup sem Hagar reka ætli að opna ólöglega netverslun í júní með sölu áfengis til almennings. Í sömu andrá segja forsvarsmenn Hagkaupa að löggjöfin sé óskýr að sínu mati hvað slíka sölu áhrærir, en þeir nenni ekki að bíða eftir skýrleika. Því er haldið fram að starfsemi netsalanna sé á gráu svæði. Forvarnarsamtökin Samtökin Fræðsla og forvarnir-félag áhugafólks um forvarnir og heilsueflingu, Foreldrasamtökin gegn áfengisauglýsingum, IOGT á Íslandi og SAFF-Samstarf félagasamtaka í forvörnum, eru ósammála því sbr. upplýsingar á heimasíðum samtakanna. Löggjöfin hefur ekki ráðgert að hafa markaðsvæðingu sem grundvöll sölu áfengis, heldur er sérstaklega tekið fram í löggjöfinni að lýðheilsa og samfélagsleg ábyrgð séu grundvöllurinn. ÁTVR segir einnig að netsalan, eins og hún fer nú fram hérlendis, er ólögleg. Um þetta má lesa í skýrum formála forstjóra ÁTVR í ársskýrslunni fyrir 2023. Þá hafa heilbrigðisráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra einnig lýst sinni skoðun á þessu.

Sýslumaður segir netsöluna sennilega ólöglega

Fyrst forvarnarsamtökum og ÁTVR er ekki trúað má benda á orð sýslumanns, en það embætti gefur út leyfi til smásölu áfengis. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu segir í svari 16. júlí 2021 til ÁTVR „Sýslumaður telur það ekki ósennilegt að sú athöfn gerðarþola, sem krafist er lögbanns við, brjóti gegn lögvörðum hagsmunum gerðarbeiðenda.“ Á mannamáli þýðir þetta að netsalan sé ólögleg. Ætlar Gildi að horfa í hina áttina þegar Hagkaup brýtur að öllum líkindum lögvarða hagsmuni ÁTVR? Ætlar stjórnarformaður Gildis að sitja þegjandi undir því og gera siðareglur Gildis þannig að engu?

Ekki brot á EES og jafnræði

Það er óþolandi að sjá sömu vitleysuna endurtekna sí og æ um meint brot á EES og jafnræði. Kjarni máls er að það er mismunun í því að reka ríkiseinkasölu gagnvart einkarekstri en sú „mismunun“ er málefnaleg og lögleg þar sem hún byggir á lýðheilsu. Þetta er margstaðfest af Evrópudómstólnum. Því er ekkert brot á jafnræði gagnvart erlendum netverslunum um að ræða. Þeim er alveg eins og íslenskum netver-



slunum óheimilt að vera með starfsemi hér á landi (eða í öðru landi þar sem er ríkiseinkasala). Ef rétt væri að salan væri á gráu svæði, þá er alls ekki boðlegt að ráðherrar og stjórnarsýslan líti fram hjá öfugþróuninni svo árum skipti til að knýja fram breytta stefnu í skjóli afskipta- og ábyrgðarleysis. Slíkt verður að teljast óheiðarleg pólitík, sem þjónkar hagsmunum áfengisíðnarins og fórnar lýðheilsu. Nú er svo komið að Hagar ætla að henda sér á þennan vagn undir merkjum erlends félags, sama hvað. Ágæti stjórnarformaður Gildis, samræmist opnun netsölu með áfengi í Hagkaupum siðareglum Gildis?

Fjármála- og efnahagsráðherra sýnist staðan ekki í samræmi við lög

Þá segir fjármála- og efnahagsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, sem fer með málefni ÁTVR, í Bylgjunni þann 23. maí sl. að honum sýnist að staðan sé ekki í samræmi við lög og láti nú kanna það lögfræðilega í ráðuneyti sínu. Ætlar stjórnarformaður Gildis að hundska þetta? Finnst stjórnarformanni Gildis að sjóðurinn standi undir siðareglunni um að „Virðing er borin fyrir markmiðum og tilgangi laga og í starfsemi sjóðsins er ekki reynt að þræða markalínur þess sem er löglegt.“?

Björn Sævar Einarsson

Höfundur er formaður IOGT á Íslandi.

Dagskrá IOGT haust 2024



- 16.september- **Heima Alein** kl. 17:00 Útivið
16.september- **Núll Prósent** Haustdagskráin
- 23.september- **Heima Alein** kl. 17:00 Innivið Eldhúsverk
23.september- **Núll Prósent** Leiðtoganámskeið
24. september- **Framtíðin nr. 173** kl. 19:00
- 30.september- **Heima Alein** kl. 17:00 Viðburður
30.september- **Núll Prósent** Gera það sjálf dagskrá
- 01.október- **Freyja nr. 218** Hátíðarkvöld með IOGT
03.október- [Alþjóðlegi áfengislausidagurinn 3. Október](#)
- 05.október- **Kaffimorgun í Hverafold** kl. 10:30 og Lesprjón
07.október- **Heima Alein** kl. 17:00 Heimsókn
07.október- **Núll Prósent** Myndbandaverkefni Kynning+
08.október- **Einingin nr. 14** kl. 19:00
14.október- **Heima Alein** kl. 17:00 Gestir
14.október- **Núll Prósent** Gera það sjálf dagskrá
15.október- **Framtíðin nr. 173** kl. 19:00
16.október- Náum Áttum morgunverðarfundur 8:30
20.október- [Vika 43 - 20.– 27. okt. Forvarnavika SAFF Vika 43](#)
21.október- **Heima Alein** kl. 17:00 Við sjálf **Vika 43**
21.október- **Núll Prósent** Gera það sjálf dagskrá **Vika 43**
22.október- **Einingin nr. 14** kl. 19:00 **Vika 43**
28.október- **Heima Alein** kl. 17:00 Hrekkjavaka **Vika 43**
28.október- **Núll Prósent** viðburður **Halloween**
29.október- **Fundurinn um ávana og vímuefni, meðferð og forvarnir**
- 02.nóvember- **Kaffimorgun í Hverafold** kl.10:30 og Lesprjón
04.nóvember- **Heima Alein** kl. 17:00 Allir hinir
04.nóvember- **Núll Prósent/Æskan** út í geim
05.nóvember- **Freyja nr. 218** 19:00

Dagskrá IOGT haust 2024



11.nóvember-	Heima Alein kl. 17:00 Baka til baka	
11.nóvember-	Núll Prósent Kynning+	
12.nóvember-	Einingin nr. 14 kl. 19:00	
13.nóvember-	Náum Áttum morgunverðarfundur 8:30	
18.nóvember-	Heima Alein kl. 17:00 Pizza	
18.nóvember-	Núll Prósent Gera það sjálf dagskrá	
19.nóvember-	Framtíðin nr. 173 kl. 19:00	
25.nóvember-	Heima Alein kl. 17:00 Hvít Jól	
25.nóvember-	Núll Prósent Streitulaus viðburður	
26.nóvember-	Einingin nr. 14 kl. 19:00	
29.nóvember	Fundur Fólksins Norræna húsinu	
01.desember-	Hvít Jól 1. desember til 6. Janúar	Hvít Jól
02.desember-	Heima Alein kl. 17:00 Hvít Jól	Hvít Jól
02.desember-	Núll Prósent Gera það sjálf dagskrá	Hvít Jól
03.desember-	Freyja nr. 218 Litlu jólin	Hvít Jól
07.desember-	Kaffimorgun í Hverafold kl.10:30 og Lesprjón	
09.desember-	Heima Alein kl. 17:00 Jólaskreytingar	Hvít Jól
09.desember-	Núll Prósent Gera það sjálf Kynning+	Hvít Jól
10.desember-	Einingin nr. 14 Jólahangikjöt með IOGT	
16.desember-	Heima Alein kl. 17:00 Litlu jólin	Hvít Jól
16.desember-	Núll Prósent Hvít Jól skemmtun í Hverafold	
17.desember-	Framtíðin nr. 173 kl. 19:00	Hvít Jól
27.desember-	Jólatréskemmtun í Hverafold kl.16:00	

Fundirnir fara fram í félagsmiðstöð IOGT í Hverafold 1-3, þriðjudagskvöld kl.19:00 Barnastúkan Æskan er í félagsmiðstöð IOGT í Hverafold 1-3, mánudaga 17:00 – 18:00 Núll Prósent ungmennahreyfingin hittist á mánudögum í Hverafold 1-3 og auglýsir viðburði sína á facebook

Áskorun breiðfylkingar félaga heilbrigðisstétta og forvarnarsamtaka til yfirvalda um að bregðast við yfirstandandi lýðheilsuógn vegna stóraukinnar netsölu áfengis.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag lýðheilsufræðinga, Ljósmeðrafélag Íslands, Læknafélag Íslands, Sjúkráliðafélag Íslands, Fræðsla og forvarnir-félag áhugafólks um forvarnir og heilsueflingu, Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum, IOGT á Íslandi og SAFF-Samstarf félagasamtaka í forvörnum, taka undir orð heilbrigðisráðherra um þá yfirstandandi ógn sem nú steðjar að grundvallarmarkmiðum lýðheilsu vegna meintrar ólöglegar netsölu áfengis, sem fram komu í opinberu bréfi ráðherra þann 5. júní sl.

Í tilefni þess að rötgróin íslensk verslanakeðja, Hagkaup, áætlar að hefja áfengissölu til neytenda á næstu dögum skora félögin á yfirvöld að kveða strax upp úr um hvort slík sala sé lögleg. Yfirvöld geta ekki horft aðgerðarlaus á þá lýðheilsuógn sem nú steðjar að vegna stóraukinnar netsölu áfengis á Íslandi.

Í samþykktri stefnu Alþingis um lýðheilsustefnu til ársins 2030 segir að Íslendingar verði meðal fremstu þjóða í lýðheilsustarfi sem byggist á bestu vísindapekkingu og reynslu og að stjórnvöld skuli hafa lýðheilsu að leiðarljósi við alla áætlanagerð og stefnumótun. Í lögum um verslun með áfengi og tóbak segir að starfrækja skuli ÁTVR og að markmið laganna sé að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð, að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu, og að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum.

Félögin skora á yfirvöld að hvika í engu frá samþykktri lýðheilsustefnu til ársins 2030 og markmiðum gildandi laga um um einkasölu ÁTVR á áfengi.



Barnastarf Æskunnar Heima Alein

Barnastarf Æskunnar byrjar í haust á mánuðögum 17:00–18:00 þar sem börn 6–14 ára eru velkomin í starf við þeirra hæfi. Félagar IOGT og vinir eru hvattir til að láta foreldra vita í kringum sig af þessu frábæra framtaki barnahreyfingarinnar. Skráning á skrifstofu IOGT.

Í lok síðustu aldar var gríðarleg stemning í samfélaginu fyrir notkun áfengis og annara vímuefna. Ungmenni byrjuðu allt of mörg snemma að fíkta við að leita í vímunu og allt of mörg festust í áfengisnautn. Þekkt er að því yngri sem byrjað er, því hættari er við áhættunotkun og fíkn. Þegar litíð var á heildarmyndina var þessi ómenning, ótímabæra notkun stórt vandamál í íslensku samfélagi, en með gagnreyndum forvararaðferðum í sameiginlegu átaki tókst okkur að ná góðum árangri í snúa þeirri þróun við. Ísland hefur vakið athygli á heimsvísu fyrir góðan árangur í því að draga úr notkun áfengis og annarra vímuefna ungmenna. En nú virðist sú óhugnanlega staða komin upp að við séum aftur komin á slæman stað með ungmenni okkar, borið hefur á aukinni áfengisneyslu meðal íslenskra unglinga. Höfum við sofnað á verðinum?

Áfengisíðnaðurinn hamast við að auglýsa að notkun áfengis sé eðlileg í samfélaginu okkar. Allt of mörg börn eru alin upp við það að eðlilegt sé að fá sér vín við öll tilefni hvort sem þau eru tengd gleði eða sorg. Þeir sem starfa á vettvangi sjá nú í dag börn alveg niður í 15 ára drekka áfengi með samþykki forsjáraðila sinna. Umræðan hefur verið galin þar sem margir ráðamenn vilja auka aðgengi að áfengi, þeir tala jafnvel um jafnrétti, jafnræði og frelsi í því samhengi sem er einungis með íturstu hagsmuni nokkurra fyrirtækja sem vilja hefja sölu áfengis með sinn gróða í huga. Við þurfum að hugsa málið til enda og horfa á stöðu ungmenna hjá nágretta þjóðum sem greitt hafa leiðina að áfengi. Rannsóknir hafa sýnt að vanlíðan meðal ungmenna hefur aukist síðustu ár á Íslandi. Áfengi á hér þátt og með því að draga úr notkun finnum við strax breytingu. Við þurfum að taka okkur tak og sjá börnin okkar. Við þurfum að verja tíma með þeim og hlusta á þau. Ábyrgt uppeldi stendur yfir allt þroska skeiðið. Það þarf að taka sér frí frá notkun vímuefna til að vera viðstaddur líf barnanna.

Við getum ekki haldið áfram lífsgæðakapphlaupinu í öllum þessum hraða og með allt þetta áreiti. Það er eitthvað í samfélaginu okkar sem við þurfum að breyta, hægja á okkur og staldra við. Við þurfum sem samfélag að grípa börnin sem sýna merki um vanlíðan, við þurfum að grípa þau strax. Mörg börn koma búa við erfiðar aðstæður þar sem forsjáraðilar eru ekki færir um að hjálpa þeim, en þessu börn eiga ekki að tynast, samfélagið á að koma auga á þau. Kennarar eða annað starfsfólk skóla, foreldrar vana, frænkur eða frændur, nágrennar.

Lausnin er ekki að loka augunum og slaka á öllu taumhaldi, við þurfum að vinna þetta öll saman. Börn og ungmenni þurfa ramma og reglur, þeim þarf að setja mörk og þau þurfa umhyggju og samveru með þeim sem þau elska. Á Íslandi erum við í sérstöðu til þess að greina ástandið og bæta það vegna smæðar okkar, við eigum tæki og tól og vitum hvað virkar. Það þarf bara samstöðu og vilja alls samfélagsins til þess að hægt sé að vinna bug á vandanum.

Aðalsteinn Gunnarsson framkvæmdastjóri IOGT á Íslandi



IOGT á Íslandi - Hverafold 1-3 112 Reykjavík

www.iogt.is—iogt@iogt.is—895 5030

